

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 82/2003**

**frá 20. júní 2003**

**um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XIV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2002 frá 27. september 2002 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 358/2003 frá 27. febrúar 2003 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða á sviði váttrygginga <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 15a (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3932/92) í XIV. viðauka við samninginn:

„15b. **32003 R 0358**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 358/2003 frá 27. febrúar 2003 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða á sviði váttrygginga (Stjtið. ESB L 53, 28.2.2003, bls. 8).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í stað orðanna „í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1534/01“ í inngangsmálgrein 10. gr. komi orðin „annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni hinnar eftirlitsstofnunarinnar eða ríkis innan lögsögu hennar eða einstaklings eða lögaðila sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta“.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 336, 12.12.2002, bls. 40 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 61, 12.12.2002, bls. 32.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 53, 28.2.2003, bls. 8.

- b) Eftirfarandi málsgrein bætist við í lok 10. gr.: „Í tilvikum sem þessum er þar til bærrí eftirlitsstofnun heimilt að gefa út ákvörðun í samræmi við 6. og 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 17/62 eða samsvarandi ákvæði í bókun 21 við EES-samninginn, og er tilkynning frá viðkomandi fyrirtækjum óþörf.“

2. gr.

Texti reglugerðar (EB) nr. 358/2003 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-  
viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 21. júní 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-  
viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. júní 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
**P. Westerlund**  
formaður

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.